

Hulda Kristjánsdóttir

From: Hulda Kristjánsdóttir
Sent: fimmtudagur, 23. febrúar 2023 21:08
To: Hulda Kristjánsdóttir
Subject: FW: Íslenski bærinn_Erindi og upplegg
Attachments: Íslenski bærinn. Erindi_febrúar.2023.pdf; ATT00001.htm; ATT00002.htm; PastedGraphic-3.png; ATT00003.htm; image003.jpg; ATT00004.htm

From: Íslenski bærinn <islenskibaerinn@gmail.com>
Sent: mánudagur, 20. febrúar 2023 10:48
To: Hulda Kristjánsdóttir <hulda@floahreppur.is>
Subject: Íslenski bærinn_Erindi og upplegg

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri,
Þingborg
801 Selfoss

Kæra Hulda,

Í viðhengi er bréf: *Íslenski bærinn. Erindi og upplegg_febrúar 2023*, ásamt fylgiskjöllum; *Íslenski bærinn_Fylgiskjöl.1* - Fylgiskjöl.2 berast í öðrum pósti vegna stærðar. Það væri mjög gott ef þú hefðir tök á að áfram senda viðkomandi bréf og skjöl á Árna Eiríksson oddvita og sveitarstjórn.

Í þessum bréfi og gögnum er gerð nokkur grein fyrir starfsemi og framtíðarsýn Íslenska bæjarins að Austur Meðalholtum í Flóahreppi.

Þetta bréf er sent til skoðunar, greiningar, viðbragða og sem mögulegur grundvöllur samtals, til eftirfarandi aðila:

- Menntamálaráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðherra, sérfræðingar
- Safnaráð, framlvæmdarstjóri, stjórn
- Héraðsnefnd Árnesinga, formaður, framkvæmdastjórn
- Þjóðminjasafni Íslands, þjóðminjavörður, sérfræðingar
- Flóahreppur, sveitarstjóri, Oddviti, sveitarstjórn
- Uppbyggingarsjóður Suðurlands, framkvæmdarstjóri, sérfræðingar
- Grímsnes og Grafningshreppur, sveitarstjóri, oddviti, sveitarstjórn

Bestu kveðjur,

Hannes Lárusson

Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir

An attachment named: islenski bærinn_fylgiskjöl.1.zip was stripped from this message. You may retrieve it by visiting: <http://www.spampostur.is/canit/a.php?i=6fb4eb1f10e8faa332877d087fb398622c78890c&rlm=TRS>.

Austur Meðalholt, 15. feb. 2023


Hulda Krisjánsdóttir sveitarstjóri,
Árni Eiríksson oddviti, sveitarstjórn,
Þingborg, 801 Selfoss



Vettvangur, tilraunastofa og leikvöllur lifandi túlkunar, endursköpunar og þverfaglegar nýsköpunar á sviði menningararfs og samtímalistar

Íslenski bærinn að Austur Meðalholtum í Flóahreppi er þekkingarsetur og safn um íslenskan byggingar- og menningararf, þar sem megináhersla er lögð á fagurfræðilegar forsendur, rannsórnir, ræktun og varðveislu grundvallar handverkspátta auk samþættingu minja- og náttúruverndar með sjálfbærni að leiðarljósi.¹ Hjá Íslenska bænum er að finna eitt stærsta safn landsins af hefðbundnum handverkfærum í torfskurði og veggjarhleðslu, trésmíði og járnsmíði, sem nær öll hafa þá sérstöðu að vera í nothæfu ástandi og janframt í reglulegri notkun. Notkun verkfæra og þekking á beitingu þeirra er vaflost besta aðferðin til að varðveita þau af nauðsynlegri umhyggju og skilningi. Einnig er safn Aðalbjargar Egilsdóttur (1908-1994) varðveitt og til sýnis að í húsakynnum Íslenska bæjarins. Safn Aðalbjargar tekur til hluta úr sveitasamfélaginu í lok níttjáu aldar og byrjun tuttugustu aldar og safnað vítt og breytt um Árnes- og Rangarvallasýsu.

Torfbærinn í Austur-Meðalholtum, sem byggður var í núverandi mynd í lok níttjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu á grunni bæja sem staðið hafa á bæjarhólnum frá upphafi búsetu í landinu og búið var í með hefðbundnum búskaparháttum og vélakosti² fram til 1965, er einn af örfáum uppistandandi torfbæjum á Íslandi, og ásamt Keldum á Rangárvöllum annar af tveimur varðveittum torfbæjum á suðurlandi. Austur-Meðalholt er besta varðveitta dæmið um byggingarstíl sem kallað hefur verið "sunnlenski bærinn", þar eru nú nær öll hús bæjartorfunar til staðar, nema fjósið sem er í endurbyggingu, og í reglulegri notkun með upprunalegum inanstokksmunum. Íslenski bærinn hefur



¹ Íslenski bærinn er sjálfseignastofnun í eigu Hannesar Lárussonar og Bryndísar Hrannar Ragnarsdóttur, sem eru jafnframt umsjónar og rekstraraðilar stofnunarinnar.


² Þegar búskap var hætt í Austur-Meðalholtum 1965 voru öll torfhús og baðstofa húsaatorfunnar í fullri notkun, og hefðbundinn blandaður búskapur stundaður án allrar vélvæðingar. Sjá mynd Vigfúsar Sigurgeirssonar, *Í dagsins önn*, en heyskaparhluti myndarinnar var tekinn í Austur-Meðalholtum á árunum upp úr 1960. Allar hesta- og heyrsluvélar voru gefnar eða færðar Byggðasafni Árnesinga þegar búskap var hætt; rakstrarvél, sláttuvél, snúningsvél, hestvagnar, áburðardreifari, aktygi, beisli o. fl.. Þessi amboð finnast þó hvergi á skrá, og hafa líklega glatast.

undanfarinn ár einnig unnið að björgun og uppbyggingu Laxabakka³ við Sog, eins af merkilegustu húsum á landinu frá fyrri hluta tuttugust aldar, og má með sterkum rökum telja svansöng ellef hundruð ára sögu íslenska torfbæjararfsins. Íslenski bærinn er því eigandi og vörsluaðili að tveimur af fjórum uppistandandi torfbæjum á um helmingi landsins; hinir tveir eru Keldur á Rangárvöllum og Árbær í Reykjavík. Næsti varðveitti torfbær til noðurs mun svo vera Glaumbær í Skagafirði og til austurs er það Selið í Örfæum.

Húsaþorp Íslenska bæjarins var opnaður almenningi í sérhönnuðum og vistvænum sýningarskála árið 2014, en uppbygging staðarins hefur staðið yfir í á fjórða áratug eða frá árinu 1986 þegar markviss varðveisla og uppbygging torfbæjarins í Austur Meðalholtum hófst að frumkvæði fyrrum ábúenda Ásdísar Lárusdóttir, Hannesar Jónssonar, Ólafs Lárussonar og Hannesar Lárussonar í nánú samstarfi við Hörð Ágústsson.

Í stofnskrá segir m. a. um markmið Íslenska bæjarins:

- Að gefa sjónrænt og sögulegt yfirlit um byggingararf Íslendinga, þ.e. torfbæinn og rækta sérhæfða verkmenningu er lýtur að þeim arfi.
- Að afla heimilda um íslenskan byggingararf með söfnun gripa, varðveislu, skráningu, kynningu, sýningum, skrifum, upptökum og útgáfu.
- Að túlka þessa byggingarlist á breiðum grundvelli inn í samtímahugsun og afla nýrrar þekkingar sem nýst gæti í nútímabyggingum og umhverfismótun.
- Tilgangi sínum hyggst stofnunin ná með sýningum sem fela í sér samþættingu og skirskotanir í staðbundinn byggingararf, hefðbundið handverk og samtímalist, námskeiðahaldi, ráðgjafapjónustu og verktöku, einnig byggingu og rekstri eigna sem hýsa munu starfsemina.



Rannsóknir, efnisöflun, uppbygging, fyrirliggjandi verkefni

³ Laxabakki var friðlýstur með bréfi frá Lilju D. Alfreðsdóttir, Menntamálaráðherra dags. 5. maí 2020. Sjá einnig greinargerð Minjastofnun Íslands dags. 10. júní, 2020.

Laxabakki við Sog var hannaður og byggður af Ósvaldi Knúdsen málarameistara og kvikmyndagerðarmanni 1942-3, en yfirsmiður var Nikulás Halldórsson. Hér er um að ræða byggingu sem er sambland af torfbæ og timburhúsi, stendur því mjög föstum fótum í innlendi hefð, en sker sig jafnframt úr sem mjög meðvitaður hönnunargripur með sterk höfundareinkenni sem nær bæði til hússins sjálfs, innréttinga, húsmuna og umhverfis.


Laxabakki er síðasti hlekkurinn í óslitinni ellefuhundruð ára byggingarsögu íslenska torfbæjarins, og baðstofan þar er síðasta íslenska baðstofan sem er rétt smíðuð samkvæmt aldagamalli hefð. Byggingin er einng í meðvitaðri samræðu við ýmsar hræingar í samtímabyggingarlist og hönnun, m. a. eru allar innréttingar og húsgögn sérhönnuð og smíðuð fyrir húsið. Allt handverk, allt frá veggjarhleðslu, trésmíði, útskurði, húsgagnasmíði, innréttingum og málningarvinnu, ber vott um afar fagleg og meðvituð vinnubrögð.

Innan vébanda Íslenska bæjarins er að finna hundruð hluta, verkfæra, íhluta og húsa; allt frá baðstofum, smiðjum, hverfisteinum, pálum, torfljáum, steðjum, skrufstykki, ullarbrékánum, listaverkum, ljósakrónum með fljúgandi svönum, grútarlömpum, kistum, klukkum, hlandkoppum og ausum til seilunála, viðarofna, ljósmynda, teikninga, þorkshausa, Massey Ferguson 135 og galandi hana.

En kjarninn í starfsemi Íslenska bæjarins hefur þó umfram allt jafnan verið að leggja megináherlsu á að safna óáþreifanlegum "hlutum" eða fyrirbærum sem þó er sá grunnur sem raunveruleg varðveisla og skilningur á menningararfi byggir á; hvort heldur sá arfur felst í því að rífa þorkshaus, þrjóna sokk, hella úr kopp, byggja og búa í baðstofu, rista kringlutorf, brýna ljá, skera út kaffiskeið, setja upp sýningu eða skapa listaverk í tíma og rými.⁴

Starfsemi og rannsóknir Íslenska bæjarins hafa sem sagt fyrst og fremst lotið að því að skilja og tileinka sér það innsæi og verksvit sem verður að búa að baki verndunar og viðhalds lífandi arfs svo vel fari.⁵ Þetta á ekki síst við um arf þar sem fagurfræði og notagildi hafa runnið saman í eitt á ísmeygilegan hátt eftir aldalanga aðlögun líkama og sálar að staðháttum og umhverfi.

Eftir áratuga viðkynni, skoðun, túlkun, gagnasöfnun og rannsóknir eru það einkum þrjú verkefni sem telja má miðlæg í markvissum framgangi fagurfræðilegs skilnings og rannsóknnum þegar kemur að hefðbundunum íslenskum byggingararfi/torfbæjararfinum. Framgang þessara verkefna verður einnig að telja nauðsynleg forsendu þess að hinn margslungni og ríki arfur eigi raunhæfan möguleika á því að fá (verðuga) viðurkenningu sem hluti af heimsminjaskrá UNESCO. Þessi verkefni eru þó illvinnanleg á nauðsynlegum hraða og með eðlilegu umfangi nema með sameiginlegu átaki hæfustu einstaklinga, lykilstofnana og stýringu grunnvallarfrjámgagns í réttan farveg.



**ÞAR SEM NÁTTÚRAN ER HLUTI AF HÚSINU
WHERE NATURE IS PART OF THE HOUSE**

Þessi verkefni eru eftirfarandi.

⁴ Síðustu tvo áratugi hefur markvisst verið unnið að margvíslegu fræðslustarfi á vegum ÍB, og tekið á móti tugum hópa á öllum skólastigum, flestir þessir hópar hafa þó verið skipaðir erlendum háskólanemum.

Síðastu tvö ár hefur Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir haldið utan um vinnu með grunnskólum á svæðinu þar sem megináherls er lögð á þátttökunám og þverfaglega nálgun innan vébanda Íslenska bæjarins á þeim starfssviðum sem sú stofnun hefur helgað sér. Sjá fylgiskjal með upplaggi og boði á vinnustofu vorið 2023.

Ekki verður betur séð en að starfsemi Íslenska bæjarins geti myndað ákjósanlega umgjörð fyrir mörg af markmiðum landshlutans á sviði mennta- og menningarmála. Marviss uppbygging á þessu sviði hefur fram að þessu strandað á eðlilegum fjárveitingum.

⁵ Varðveisla á "óáþreifanlegum menningararfi" sem undanfarin ár hefur verið æ ofar á blaði í alþjóðlegri stefnumörkun ICOM má segja að felist fyrst og fremst í því að varðveita þekkingu/athafnir og koma á tengingum milli kynslóða og hópa á sjálfsagðan og átakalausn hátt; og finna þessum athöfnum lífandi vettvang í samfélaginu. Viðhald Íslendinga á kunnáttu í þrjónaskap, hefur til að mynda til skamms tíma einkennst af tiltölulega átakalausri tilfærslu þekkingar, virðingu og næmni í þrjónaskap og meðferð ullar frá einni kynslóð til annarar.

Varðveisla á óáþreifanlegum menningararfi er sem sagt jöfnunum höndum varðveisla á framlagi fyrri kynslóða í viðureigninni við eigið líf og aðstæður, en jafnframt vettvangur til dýpri skilnings á samtímanum og stökkpallur til nýsköpunar. Almenn söfnunar-, varðveisl- og skráningarviðmið í íslensku safnastarfi virðast ekki nema að takmörkuðu leyti ná yfir starfsemi Íslenska bæjarins.

1. Unnið verði markvisst að því að koma upp miðlægum gagnagrunni þar sem finna mætti allar þekktar myndir, teikningar og ljósmyndir, ásamt tiltækum upplýsingum, sem til eru af íslenskum torfbæjum.⁶ Hér eru ljósmyndir lang fyrirferðamesti gagnagrunnurinn. Í þessu sambandi vega þýngst myndasöfn Þjóðminjasafnsins, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og myndir í geymslu skjalsafna og byggðasafna víðsvegar um land, en einnig umtalsvert magn mynda í vörslu og eigu einstaklinga. Þegar allt er talið er hér um að ræða á milli 10-20.000 myndir.⁷ Mikilvægt er að þessi gagnagrunnur verði aðgengilegur til skoðunar fyrir áhugafólk á mismunandi sviðum. Á undanförunum árum hefur það reynst achillesarhæll þegar kemur að innlendnum byggingararfi að ályktarnir eru dregnar á grundvelli takamarkaðra og einhæfra myndheimilda. Með tilliti til greiningar á byggingarstíl, þróun og stílbrigðum, fagurfræðilegum kennimörkum, umhverfi og handverkspáttum er myndrænn gagnagrunnur af þessu tagi ein af grunnforsendum skilnings, rannsókna og framsetningar á þessum byggingararfi.⁸




⁶ Telja má íslenskan torfbæjararf nánast óslitna hefð, með tilliti til handverkspátta, efnisnotkunar og fagurfræðilegra grunnþátta og lífsstíls, allt frá landnámi og vel fram á tuttugustu öldina.

⁷ Í undirbúningi að opnun Íslenska bæjarins á árunum 2004-14 voru öll helstu gagnasöfn landsins hvað varðar myndefni um íslenskan byggingararf skoðuð, auk þess auglýst eftir efni frá almenningi og tugir fólks sem búið höfðu í torfbæjum heimsótt, tekin viðtöl, bæjir teiknaðir upp og myndefni safnað. Um 6- 8.000 þúsund myndgögn í þessu samhengi voru skoðuð, ríflega 600 myndgögn eru síðan hryggjarstykkið í sýningum Íslenska bæjarins. Meira en 90% þess efnis eru myndir sem aldrei hafa verið sýndar áður í opinberu samhengi. Þúsundir mynda í þessu samhengi liggja óbættar hjá garði, þ.e. "Óskoðaðar, ógreindar, ósýndar/ósýnilegar".

⁸ Þegar tekin er saman gagnagrunnur um torfbæjararfinn verður að gæta að ýmsum þáttum sem kalla á tiltölulega sérhæfða þekkingu þegar kemur að greiningu á fyrirbyggjandi myndefni, með tilliti til margvíslegra fagurfræðilegra þátta, efnisnotkunar og aðlögunar að umhverfi o. s. frv.

Sem mikilvægt hliðarverkefni við ofangreindan (mynda)gagnagrunn, væri samantekt á öllum finnanlegum lýsingum á húsakynnum sem tilheyra sama arfi. Í þessu sambandi má tilgreina úttektir og lýsingar af mismunandi toga, jafnvel skáldverk þar sem það á við. Söfnun og framsetning þessara heimilda sem nothæfur, ábyggilegur og skapandi gagnagrunnur þurfa nauðsynlega á gagnrýnni rýni að halda; jafnvel enn frekar en myndrænn gagnagrunnur um sama viðfangsefni.

2. Framkvæma þarf fagurfræðilega og byggingarfræðilega greiningu á torfbænum sem byggingarlist, verufræðilegri forsendu og listrænu framlagi. Þessi skoðun og greining myndi lúta að samsetningu bæjarþorpsins, með tilliti til samþættingar notagildis, byggingarefnis og aðlögunar að staðháttum (þróunar) og loftslagi, en umfram allt greiningu á fagurfræðilegri "forskrift" sem fágast frá kynslóð til kynslóðar í almennu og breiðri samfélagslegri sátt í samræmi við forsendur fyrirbyggjandi landkosta; - einkenni sem kalla má kennimark á öllum staðbundnum arkitektúr hvar í heimi sem er.





Þessi greining/skoðun myndi nauðsynlega byggja á staðbundnum forsendum og yrði sett fram og túlkuð í meðvitaðri samræðu við það sem annars vegar mætti kalla klassískar forsendur og hins vegar staðbundna byggingarlist/lífstíl á heimsvísu; ýmist með tilliti til hliðstæðna og/eða frávíka.



Kjarninn í þessari greiningu myndi þó lúta að greiningu á þeirri húseiningu þar sem fagurfræðileg framsetning, meðvituð og ómeðvituð listræn tjáning nær að blómstra á sem fjölskrúðugastan hátt með tilliti til rýmis, handverks, íhluta, tjáningar og lífstíls; - hjarta hvers bæjarþorps, baðstofunnar. Framsetning og úrvinnsla þessa verkefnis yrði í nokkrum afmörkuðum áföngum en um leið samþættum framgangssviðum: i. Stórrí sýningu þar sem baðstofurýminu verða gerð skil. ii. Vinnustofu/námskeiði þar sem farið verður í saumana á handverksþáttum sem tengjast smíði á dæmigerðu baðstofurými. iii. Bók um baðstofuna með megináherslu á myndræna framsetningu og túlkun. iv. Stórt opinbert málþing um baðstofuna ásamt sýningum erlendis; Norðurlönd, Skotland, Kanada, Þýskaland, Ítalía, Grikkland.

Exhibition about a unique heritage
Sýning um einstakan arf
Original Turf House & Bath and a traditional café
Turfþýpping og þjóðlegur kaffibúur
Rannsóknir og Úrvinnsla
Kjarnið í þessari greiningu
www.islandstour.is


Vænlegast væri ef um yrði að ræða samvinnuverkefni einstaklinga og lykilstofnana sem nyti eðlilegrar og raunhæfrar fjarmögnunar. Markmið verkefnisins felst í því að gera baðstofurýminu skil sem listaverki, listrænum fæðingarstað, sýningarrými, þjóðargarsemi og heimsmínum.⁹






⁹ Íslenski bærinn hefur staðið fyrir rannsóknum á baðstofurýminu í á annan ártug með umfangsmikilli gagnaöflun, greiningu, vinnustofum og upplaggi, sjá fylgiskjal. Sjá enn fremur, Íslenski bærinn. Hannes Lárusson, TMM, 2014, sem lýtur m. a. að fagurfræðilegri greiningu á torfbænum.

3. Ýtarleg rannsókn/skoðun sem lýtur að djúpum skilningi á þeim verkþáttum sem varða uppbyggingu torf/grjótveggja, húsatófta og húspaka.¹⁰ Einnig kerfisbund rannsókn á útvöldum uppistandandi veggjum. Í þessari rannsókn yrði farið nákvæmar en áður hefur verið gert í saumana á stærðum, samsetningu og efnisnotkun með tilliti til handverks, byggingartæknilegra hefða og möguleika.¹¹

Útgáfa á vandaðri handbók(um) um uppbyggingu veggja, tófta og húspaka þar sem torf, grjót og mold er aðal efniviðurinn og beiting viðeigandi verkfæra og tækja er útskýrð, grundvallað á traustum sögulegum og byggingarfræðilegum grunni, er algert lykilatriði í viðhaldi og skilningi á meira en þúsund ára arfi norðurhjarans, en



umfram allt fjöreggið í því að skila þessum arfi frá arfberum til komandi kynslóða. Hér yrði farið kerfisbundið yfir allar þekktar aðferðir í torfstungu og torfristu auk "lesturs" og notkunar á grjóti. Að sama skapi yrðu allar þekktar aðferðir við uppbyggingu torf/grjótveggja skoðaðar, skilgreindar og túlkaðar með skírskotun til hugmyndafræði íslensks byggingararfs. Skilningur og þjálfun í þessu handverki er ekki einungis forsenda eðlilegs viðhalds þeirra fáu mannvirkja sem enn bera vitni um ríkan aldagamlan arf, heldu jafnfram grunnforsenda þess að hægt verði með vitrænum og raunhæfum hætti að vinna úr þessum arfi, sem telja má skólabókardæmi um vistvæna byggingarlist, á framsækinn hátt í nútíma samhengi.





Kjarninn eða langtímamarkmið þessara verkefna/rannsókna er í megindráttum þrjúþætt:

¹⁰ Þegar liggur fyrir handrit bókar um þessa verkþætti, sem telst lokið að 80% +, eftir þá Hannes Lárusson og Högn Sigþórssson. Þetta handrit hefur verið notað sem kennslugagn í allmörg ár á tugum námskeiða hjá Íslenska bænum, sjá fylgigögn. Mikilvægt er jafnframt að vandaðar þýðingar á meginefni bókarinnar fari fram noðrulandamál, ensku, þýsku o. fl. tungumál.

Nauðsynlegt hliðarverkefni við þessa nálgun væri rannsókn, skoðun og ritun handbókar um verkþætti sem lúta að trésmíði, járnsmíði, notkun litarefna, vefnaði og þrjónaskap, í tengslum við torfbæjararfinn. Í þessu sambandi verður þó að halda til haga skörun við varðveislu og greiningu á "hefðbundnum" byggingum, má ætla að þar standi þekking á þessum verkþáttum traustari fótum. Þessi skörun er þó svið þar sem einmitt er þörf á "sérfræðilegri" eða meðvitaðri greiningu, t. d. á myndgögnum, með tilliti til fagurfræðilegra lykilorða. ¹¹ Þessi veggir eru ekki margir og fer hratt fækkandi, ýmist vegna veðurálags og hringrásar náttúrlegra byggingarefna, eða árekstra og ágangs nauðsynlegra framkvæmda og nýrra viðhorfa/yfirsjóna í umgengni við staðbundinn arf, eða í mörgum tilfellum vegna ráðaleysis á grundvelli atgervis- og/eða fjárskorts. Þegar hafa verið lögð fram ítarleg drög að þessari sértæku rannsókn í samstarfi við Magnús Jensson, arkitekt og Sveinbjörn Ingvarsson, hleðslumann, myndlistarmann og kennara, sjá fylgigögn.

- i. Að draga fram og skapa varanleg grunnverðmæti.
- ii. Að finna vænlegan farveg fyrir þekkingu/innsæi/náttúrulega umhyggju frá arfberum til viðtakenda, þ. e. verðandi arfbera.
- iii. Draga alþjóðlega athygli að raunverulegum verðmætum og sérstöðu byggingararfs Íslendinga/norðuhjarans, m. a. í samhengi við raunhæfa vinnu sem leitt gæti til viðurkenningar á þessum arfi eða hluta hans á heimsminjaskrá UNESCO.¹²



Erindi og næstu skref

Uppbygging og rekstur Íslenska bæjarins hefur frá upphafi verið fjármagnaður af eigin fé og drifin áfram af eigin vinnu; engu að síður hafa smærri styrkir úr mismunandi opinberum sjóðum nýst til framkvæmda smærri verkefna eða hrokkið til sem eins konar startgjald í mismunandi rannsóknar- eða samstarfsverkefnum. Þegar allt er reiknað saman þá lætur nærri að öll uppbygging, viðhald og rekstur Íslenska bæjarins síðustu áratugi hafi meira en 90% verið drifin áfram af eigin fé og vinnu.¹³ Á þessum áratugum hefur verið unnin mjög ítarleg grunnvinna og undirstaða byggð fyrir varðveislu, umgjörð og framgang grundvallar þekkingar, sem að stærstum hluta varða meginstoðir eða lykilkætti í íslenskum menningararfi; eins og gerð hefur verið grein fyrir að hluta til hér að ofan. Verðmæti af þessu tagi eru í eðli sínu sameign um leið og þau eru verk og arfur einstaklinga og best komin í höndum þeirra sem hafa tök á að sjá og meta hin raunverulegu verðmæti frá mörgum hliðum samtímis.

Kjölfestun í verðmætasköpun á sviði menningar- og menntamála er til lengri tíma lítið fjármögnuð af opinberu fé, og rekstrarförsendur í starfsemi nær allra safna í landinu.¹⁴

¹² Sjá enn fremur fylgiskjal, minnisblað skrifað fyrir heimsminjaskrárnefnd: Hannes Lárússon, Íslenski bærinn: Frá þjóðarverðmætum til heimsminja, 2009.

¹³ Undantekning er hér þó þjörgun og uppbygging Laxabakka undanfarin ár sem hefur verið stutt við af miklum skilningi og á rausnarlegan hátt af Húsafríðunarsjóði og Minjastofnun Íslands. Þess verður þó að gæta að sú framkvæmd er afar kostnaðarsöm af mörgum ástæðum, og væri raunverulega ógerningur nema með umtalsverðri eigin vinnu í nær öllum verkþáttum, sem reyndar reyna flestir á mjög sérhæfða þekkingu á viðfangsefninu.


¹⁴ Að vísu sker Ísland sig úr flestum evrópuþjóðum hvað snertir lítið vægi innlands menningararfs í ímynd og markaðssetningu þjóðarinnar. Í dæmigerðu kynningarefni almennrar ferðaþjónustu má segja að menningararfur og listrænt framlag Íslendinga sé nær ósýnileg og verðlaus stærð; á Íslandi eru fjöll, fossar, gervíggar og eyðisandar í gildi byggingarlistar, alþjóðmenningar og listaverka hjá öðrum þjóðum. Þegar kemur að menningararfi ættu þó að vera gífurleg sóknarfæri í markaðssetningu og tekjuöflun, ef rétt er á málum haldið og farið fram á traustum fjárhagslegum, þekkingarfræðilegum og fagurfræðilegum grunni, að því gefnu að enn væri nægjanlegt magn af upprunalegum mannvirkjum til að sýna og njóta. Laxabakki gæti hér verið mjög fýsilegur kostur, dæmi um samþættingu náttúruverndar og menningarverndar, staðsettur á sjálfum gullna hringnum. Samtímis því að Laxabakki væri opnaður almenningi til skoðunar væri um leið verið að skilgreina nýjan ferðamannastað sem býður upp á umtalsverða möguleika á jákvæðri uppbyggingu og tekjuöflun. Dæmi um verkefni sem algerlega nauðsynlegt er að vinna í yfirveguðu samstarfi í héraðinu og við viðeigandi menningarstofnanir.

Komi til reglulegra opinberra fjárframlaga til menningarstofnunar, verður sú stofnun jafnframt með augljósum eða sannanlegum hætti að vinna að verkefnum sem telja má til þjóðarverðmæta eða skapandi fjöreggs í einum eða öðrum skilningi. Hér að ofan hefur verið gerð grein fyrir margvíslegri starfsemi og þverfaglegri nálgun Íslenska bæjarins í verndun, rannsóknun, túlkun og miðlun verðmæta sem með réttu mætti skilgreina sem skapandi fjöregg þjóðarverðmæta.

Með þessu bréfi er þeirri spurningu nú velt upp hvort flötur muni vera á því af hálfu hins opinbera, þ. e. ríkis og sveitarfélaga, -að undangenginni skoðun, samtali og nauðsynlegu samráðsferli og/eða gæðastjórnun Safnaráðs, Þjóðminjasafns og annarra viðeigandi stofnana- að tryggja Íslenska bænum hæfilegt rekstarfé svo starfsemin geti á enn fyllri og gagnlegri hátt stefnt að og uppfyllt þau markmið og hugsjónir sem frá upphafi hafa legið starfsemi Íslenska bæjarins til grundvallar. Hér verður að hafa í huga að með áratuga uppbyggingar og miðlunarstarfi hefur Íslenski bærinn lagt fram hundruð milljóna í formi fasteigna, hundruð/þúsunda sýningarverka og safngripa, rannsóknarvinnu, daglegs reksturs og almenns viðhalds.

Ef til verðugra fjárframlaga úr opinberum sjóðum til Íslenska bæjarins kæmi væri þó hið eiginlega mótframlag Íslenska bæjarins sem hér segir:

- Uppbygging og umsýsla Austur-Meðalholta og Laxabakka með tilheyrandi húsakosti, sýningum og íhlutum, ásamt áframhaldandi aðgengi almennings til skoðunar og upplifunar. Opnun þessara staða til skoðunar fyrir almennig getur um leið skapað talsvert eigið fé til daglegrar umsýslu- hvað varðar fjáröflun til verndar menningarverðmæta með "ferðaþjónustu" er þó spurning um áherslur og markmið, svo sem á sviði fræðslustarfs og rannsókna, sem yrðu aldrei fjármöggnuð af aðgangseyri. Hins vegar kann samfélagslegur ávinningur að vera margföld sú innkoma, í formi umferðar um svæðið og kaupum á margvíslegri þjónustu í nágrenninu.
- Þverfaglegt fræðsustarf í samstarfi við skólastofnanir á svæðinu. Sérhæft fræðslustarf sem lýtur að hefðbundnu handverki sem er lýtur að grunnskilingi og viðhaldi og endursköpun miðlægs menningararfs.
- Markviss vinna við miðlægan gagnagrunn þar sem finna mætti allar þekktar myndir, teikningar og ljósmyndir, ásamt tiltækum upplýsingum, sem til eru af íslenskum torfbæjum. Sjá frekari lýsingu í lið i. hér að ofan. Þessa vinnu yrði að framkvæma í nánu samstarfi við helstu skjalasöfn/byggðasöfn. s. s. Héraðsskjalasafn Suðurlands, Þjóðminjasafnið, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Þjóðskjalasafn, Minjasafnið á Akureyri, Héraðsskjalasafn Skagafjarðar, og sambærilega gagnagrunna í öðrum landshlutum. Kjarninn í þessari vinnu yrði túlkunarvinna á myndgögnum. Í því skyni yrði að mynda 3-5 manna hópa útvalinna einstaklinga, en einmitt þar myndi þekking og yfirsýn á vegum Íslenska bæjarins geta nýst. Þessi vinna, sem er fyrst og fremst túlkunar og samþættingarvinna, ætti ekki að taka nema 1-3 ár með markvissri vinnu, þó með fyrirvara um að enn væri fyrir hendi eitthvert magn óséðra heimilda og myndgagna, t. d. í eigu almennings. Uppsetning á sjálfum gagnagrunninum er tiltölulega einföld aðgerð á grunni þeirrar þekkingar og þekktra ferla sem er fyrir hendi á flestum stærri skjalasöfnum. Þessi gagnagrunnur ásamt viðeigandi upplýsingum myndi vafalaust á mjög skömmum tíma geta hleypt nýju blóði í skoðun og rannsóknir á innlendum byggingararfi, auk þess að vera nauðsynlegur grunnur að kerfisbundinni framsetningu á þessum arfi í víðara alþjóðlegu samhengi.



- Framkvæma þarf fagurfræðilega og byggingarfræðilega greiningu á torfbænum sem byggingarlist, verufræðilegri forsendu og listrænu framlagi. Megináhersla myndi þó lúta að greiningu á . . . hjarta hvers bæjarþorps, baðstofunni. Sjá frekari lýsingu í lið ii. að ofan. Hér væri einnig um samstarfsverkefni að ræða með aðkomu útvalinna einstaklinga, listamanna, arkitekta, fræðimann og síðast en ekki síst arfberanna sjálfra. Þetta verkefni er þegar komið vel áleiðis sjá greinargerð og uppleggi í fylgiskjali. Þetta verkefni yrði nauðsynlega að framkvæma og fylgja eftir í nánu samstarfi við þjóðminjasafnið og útvalin byggðasöfn. Markmiðið í þessu verkefni myndi þó um fram allt vera stór sýning á háu listrænu plani sem myndi sýna raunverulega listræna verðleika arfsins með tilliti til rýmismyndunar, aðlögunar að umhverfi, efnisnotkunar og handverks. Sem undirbúingur og eftirfylgni fyrir sýningar af þessu tagi yrðu margvíslegar vinnustofur og málþing, og miðað við að kjarni þessara sýninga/verkefnis myndi verða settur upp á útvöldum stöðum erlendis. Upptakturinn að þessu verkefni hefur þegar verið sleginn í sýningum og rannsóknum Íslenska bæjarins, og sumir verkþættir komnir all vel á veg við vænlegar aðstæður að Austur Meðalholtum. Hér er vafalaust um að ræða lykilþátt í því verkefni að eiga möguleika á að torfbæjararfurinn fái viðurkenningu UNESCO sem heimsminjar. Án þessarar greiningar/framsetningar er hætt við að margir þættir og samræða út á við standi á hugmyndafræðilegum og fagurfræðilegum brauðfótum.



- Ýtarleg rannsókn/skoðun sem lýtur að djúpum skilningi á þeim verkþáttum sem varða uppbyggingu torf/grjótveggja, húsatófta og húspaka. Útgáfa á vandaðri handbók(um) um uppbyggingu veggja, tófta og húspaka þar sem torf, grjót og mold er aðal efniviðurinn og beiting viðeigandi verkfæra og tækja er útskýrð. . . Sjá frekari lýsingu í lið iii. að ofan. Hér er um algert grundvallar atriði að ræða í öllum skilningi og umsýslu við innlendnan byggingararf; sem telja má kjördæmi um það sem vísað er til þegar rætt er um "óþreifanlegan menningararf". Hvergi í heiminum hefur (mýrar)torf, grjót og mold verið fyrirferðameira byggingarefni í mannvirkjum en á Íslandi, allt frá landnámi upp úr 850 og fram undir seinna stríð 1940. Ganga má að því vísu að sé eitthvað handverk og verklag stundað óslitið í jafn langan tíma næst hámarks árangur með tilliti til efnistilfinningar, þanþols og möguleika í útfærslum; og smíði og aðlögun verkfæra að fyrirbyggjandi hráefni. Afar mikilvægt er að þetta handverk hafi vettvang til að þrífast og þróast inn í framtíðina, í því sambandi er lykilatríði að byggja á traustri þekkingu og innsæi varðandi notkun þessara hráefna og viðeigandi verkfæra, ýmist til viðhalds fyrirbyggjandi húsaarfs eða sem (vannýtta) möguleika í byggingu framsækinnna, vistvænna nútímabygginga.¹⁵ Í þessu samhengi er útgáfa traustrar handbókar um þetta handverk og hugmyndafræði nauðsynlegur grunnur. Einnig þarf að tryggja að hægt sé að ganga að vandaðri kennslu í þessu handverki. - Íslenski bærinn með tilliti til staðsetningar og aðstöðu má telja kjörvettvang til viðhalds og ræktunar á þessu handverki. Eins og fyrr segir liggur þegar fyrir handrit af kennslubók um þetta handverk, auk þess hefur Hleðsluskólinn verið starfræktur í Austur-Meðalholtum í hátt

THE ICELANDIC
TURF BUILDERS
GUILD
HLEÐSLU
SKÓLINN

¹⁵ Hér verður að gera greinarmun á byggingu húsveggja og gerða húspaka annars vegar og byggingu veggja og annarra jarvegvinnnu og frágangs í samhengi garðyrku og/eða landslagsarkitektúrs. Notkun á torfi, grjót og mold í byggingu húseininga krefst í flestum tilfellum sérhæfðar þekkingar á byggingarsögu og lífstíl auk nauðsynlegrar handverkskunnáttu. Hér gegna rétt verkfæri mikilvægu hlutverki ásamt traustum skilningi á fyrirbyggjandi hráefni.

í tvo áratugi.¹⁶ Mikilvægt er að geta boðið námskeið á lágmarksgjaldi, jafnvel frítt í ákveðnu samhengi, fyrir áhugasama einstaklinga, ekki síst af yngri kynslóðum. Á þessu stigi er nausðynlegt, eins og í hinum verkefnunum tveimur, að grundvalla verkefnið á eins víðu samstarfi og hægt er; einfaldlega náði samstarf við alla starfandi forn-hleðslumenn landsins og þá örfáu heimildarmenn/arfbera um þetta handverk sem enn eru á dögum.



Í stuttu máli ætti með markvissri vinnu og eðlilegum fjárveitingum til starfsemi Íslenska bæjarins, og samstarfsaðila eftir atvikum, að leiða til eftirfarandi niðurstöðu á tveimur til fimm árum:

i. *Miðlægur (mynd)gagnagrunnur sem innihéldi nær "allar" myndir sem þekktar eru af torfbæjum. Gagnagrunnur "lýsinga" amk sem hliðarverkefni.*

ii. *Stórar sýningar, innanlands og utan, þar sem fagurfræðileg greining á torfbæjararfinum væri í fyrirrúmi með baðstofuna í heiðurs sessi, ásamt tilheyrandi útgáfu, vinnustofum, málþingum og eftirfylgni.*

iii. *Ýtarleg handbók um hleðslutækni ásamt ýtarlegri rannsókn (verktæknilegri, efnislegri og fagurfræðilegri greiningu) á helstu/útvöldum uppistandandi (frum)veggjum landsins. Ritsmíðar og kennslugögn um annað handverk sem sérstaklega lýtur að torfbæjararfinum, s.s. trésmíði/útskurður, járnsmíði, þrjónaskapur, vefnaður, notkun litarefna og málningar, með mikilli og eðlilegri skörun við tónlistariðkun, ritstörf og myndgerð. Kerfisbundnar myndbandsupptökur á öllum full skoðuðum/greindum handverksþáttum, unnar til birtingar á Instagram/Facebook sem aðgengileg kennslugögn; gæti verið um 30-50 upptökur.*

Til grundvallar þessu erindi liggja, rannsóknir, viðhald, miðlun og framsækin túlkun á margan hátt miðlægum þjóðararfi þar sem skarast nær öll listræna/skapandi hugsun/aðgerðir á Íslandi í gegnum aldirnar. Þetta erindi er hér lagt fram til skoðunar, mats og viðbragða hjá aðilum sem í margvíslegum skilningi eru stefnumótandi varðandi raunverulegan framgang umræddra verkefna af nauðsynlegu umfangi, nægjanlegri yfirvegum og dýpt, framsæknum og ófyrirsjáanlegum vaxtarbroddum.



Þessi greinargerð ásamt fylgigögnum er send eftirfarandi aðilum: ¹⁷

¹⁶ Hér er um að ræða sambærilegt starf og hafið var nokkrum árum seinna undir merkjum Fornverkaskólans í Skgafirði að frumkvæði þeirra systkina Sigríðar safnvarðar í Glaumbæ til áratuga og Helga Sigurðssonar hleðslumanns. Í ræktun á þessu handverki er samstarf við Fornverkaskólann borðliggjandi kostur.

¹⁷ Bréfið er sent til framkvæmdarstjóra eða fulltrúa viðkomandi stofnana með tilmælum um að bréfið ásamt fylgigögnum verði síðan sent áfram til viðeigandi embættismanna og starfsfólks. Eðlilegt og sjálfsagt mál er jafnframt að framsenda fyrirbyggjandi erindi til frekari skoðunar eftir þörfum hjá utanaðkomandi sérfræðingum og áhugafólki.

- Safnaráð, framlvæmdarstjóri, stjórn
- Héraðsnefnd Árnesinga, formaður, framkvæmdastjórn
- Þjóðminjasafni Íslands, þjóðminjavörður, sérfræðingar
- Flóahreppur, sveitarstjóri, oddviti, sveitarstjórn
- Menntamálaráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðherra, sérfræðingar
- Uppbyggingarsjóður Suðurlands, framkvæmdarstjóri, sérfræðingar
- Grímsnes og Grafningshreppur, sveitarstjóri, oddviti, sveitarstjórn

Á þessu stigi væri á margan hátt vænlegast að hittast á samráðsfundi til þess að fara yfir dæmið frá ýmsum hliðum, spá í möguleika og uppbyggileg næstu skref. Húsakynni Íslenska bæjarins gætu verið kjörinn vettvangur fyrir slíka fundi; en hvað okkur snertir, koma allir staðir til greina.

Virðingarfyllst,

Hannes Lárusson,
Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir

Fylgigögn:

- HL.BHR.cv
- Hannes Lárusson, Íslenski bærinn. TMM, 2014
- Hannes Lárusson, Íslenski bærinn: Frá þjóðarverðmætum til heimsminja, 2009.
- HL-BHR. Baðstofan, upplegg/vinnslugögn.
- HL-HS. Íslenski bærinn; handverk og hugmyndafræð_handrit í vinnslu.
- BHR-HL. Íslenski bærinn-Vettvangur þverfagleggrar menntunar. Upplegg/vinnustofa



ÍSLENSKI BÆRINN/TURF HOUSE MUSEUM
Austur Meðalholtum, 801 Selfoss, Iceland
www.islenskibaerinn.is /www.facebook.com/islenskibaerinn
<https://www.instagram.com/islenskibaerinn/>
islenskibaerinn@gmail.com
+354 694 8108, +354 696 5046



ÞAR SEM NÁTTÚRAN ER HLUTI AF HÚSINU
WHERE NATURE IS PART OF THE HOUSE

